

um stuðning ríkisins við malbikun gatna í kaupstöðum og kaupþúnum.

Flm.: Daníel Ágústínusson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþingi um fjárhagslegan stuðning við malbikun gatna í kaupstöðum og kaupþúnum landsins.

Greinargerð.

Gatnagerðin er sameiginlegt vandamál allra kaupstaða og kaupþúna í landinu. Mjög óviða hafa verið gerðar götur úr varanlegu efni. Fer ekki hjá því, að það setji svipmót sitt á marga kaupstaði og kaupþún. Hinar lélegu malargötur, sem víðast hvar verður að notast við, valda því, að farartækin slitna miklu fyrr en ella og viðhald þeirra verður óeðlilega mikið. Jafnframt er varanleg gatnagerð mjög mikilvægt hreinlætis- og menningarmál fyrir bæina og hvetur íbúa þeirra til snyrtilegrar umgengni á lóðum og húsum.

Varanleg gatnagerð er dýr, og miðar því framkvæmdum hægt áfram. Bæjarfélögin búa yfirleitt við rekstrarfjárskort og hafa auk þess mörgum aðkallandi verkefnum að sinna í hafnarmálum, vega- og holræsagerð, vatnsveitum, skólumálum, sjúkráhusmálum o. s. frv. Margar þessar framkvæmdir njóta meiri og minni stuðnings ríkisins.

Í fyrra hóf Samband ísl. sveitarfélaga forustu fyrir því, að kaupstaðir landsins sameinuðust um kaup á malbikunartækjum, sem þau rækju í félagi. Árið áður höfðu kaupstaðirnir við Faxaflóa hafið umræður um mál þetta, en létu þær niður falla, er umrædd samvinna um framkvæmd þessa máls var færð út á stærri vettvang. Eftir alllangan undirbúning var að fullu gengið frá stofnun sameignarfélagsins Malbiks þann 11. apríl s. l., og tóku þessir 9 kaupstaðir þátt í stofnun félagsins: Hafnarfjörður, Kópavogur, Akranes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Ólafsfjörður, Akureyri, Húsavík og Neskaupstaður. Í lögum félagsins er svo gert ráð fyrir því, að öðrum kaupstöðum og kaupþúnum landsins verði boðin þátttaka í félaginu, og er það í undirbúningi.

Í fyrra var bráðabirgðastjórn kjörin fyrir félagið. Hún vann að því að safna tilboðum í nauðsynleg tæki. Hagkvæmasta tilboðið nam um 2.8 millj. kr., sem verður eftir gengisbreytinguna um 4.3 millj. kr. Formaður félagsins, Ásgeir Valdimarsson bæjarverkfræðingur á Akureyri, fór í fyrrahaust til Danmerkur, Vestur-Þýzkalands og Bretlands til að kynna sér nánar þær vélar, sem álitlegastar voru taldar eftir tilboðunum. Í vetur leitaði stjórn félagsins til fjárveitinganefndar og fór fram á heimild handa ríkisstjórninni á 22. gr. fjárlaganna um eftirgjöf á aðflutningsgjöldum á frammanfendum malbikunartækjum Malbiks. Þetta náði ekki fram að ganga og mun fordæmið ekki hafa þótt heppilegt.

Allir sanngjarnir menn munu viðurkenna, að hér er um merkilegt framfaramál að ræða, sem vert er að njóti stuðnings ríkisins. Smávægileg upphæð hefur verið á fjárlögum undanfarin ár, en hún nær ekki þeim tilgangi, sem nauðsynlegt er. Í þessu sambandi er einkum vert að benda á það, að ráðgert er, að ríkið innheimti á þessu ári kr. 1.47 af hverjum benzínlítra, og er sú upphæð áætluð í heild kr. 74000000. Þar af eiga 14 aurar að fara í sjóð til vegalagningar milli byggðarlaga, sem gerir 7 millj. kr., og 19 aurar í brúasjóð, sem gerir 9.5 millj. kr., en 114 aurar renna í ríkissjóð, og er sú upphæð áætluð 57.5 millj. kr. Þannig er langmestur hluti benzínskattsins gerður að venjulegri tekjuöflun fyrir ríkissjóð, en ætti hins vegar allur að ganga til þess að byggja upp samgöngukerfi landsmanna, í hvaða mynd sem er. Það er mjög hætt við því, að varanlega gatnagerð verði aðeins á valdi hinna stærstu bæja að framkvæma, ef ekki kemur til öflugur stuðningur ríkisvaldsins. Kaupþúnin víðs vegar um landið og hinir smærri bæir þyrftu þó vissulega að fá aðstöðu til þess að gera götur úr varanlegu efni.

Við væntum því, að ljóst megi vera, að hér er um mikilvægt framfaramál að ræða, sem varðar stóran hluta þjóðarinnar, sem býr í kaupstöðum og kaupþúnum landsins. Það er eðlilegast að koma fastri skipan á þessi mál með sérstakri löggjöf.

Verði þingsályktunartillaga þessi samþykkt nú, yrði löggjöfin undirbúin fyrir þingið í haust og kæmi því um sama leyti og ráðgert er að sameignarfélagið Malbik byrji starfsemi sína.